

Reykjavík, 16. ágúst 2021

R20010055

5255

TK/EKG

Innkaupa og framkvæmdaráð

Svar borgarlögmanns við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs 23. desember 2020 um þýðingu úrskurðar kærunefndar útboðsmála í máli nr. 32/2019 o.fl.

Á 23. fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar þann 23. desember 2020 sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi úrskurðar vegna kaupa Reykjavíkurborgar á búnaði í umferðarljósastýringar, sem barst frá úrskurðarnefnd útboðsmála 16. desember síðastliðinn leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins i ráðinu fram eftirfarandi fyrirspurn:

Óskað er eftir greinargerð á því hvað þessi úrskurður þýðir til framtíðar vegna útboðs og innkaupamála Reykjavíkurborgar, þar sem hann er mjög afgerandi og gæti haft fordæmisgildi. Því væri rétt að bregðast við nú þegar til að fá réttarstöðu og framkvæmd innkaupamála á hreint í kjölfar þessa úrskurðar.

Svar:

Hinn 23. desember 2021 óskaði innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar þess í tölvubréfi að borgarlögmaður svari framangreindri fyrirspurn.

Borgarlögmaður er ósammála þeirri niðurstöðu kærunefndar útboðsmála sem fram kemur í úrskurði nefndarinnar frá 16. desember í máli nr. 32/2019. Borgarlögmaður tók því þá ákvörðun að höfða dómsmál til ógildingar úrskurðar nefndarinnar í samræmi við heimild 112. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Stefna Reykjavíkurborgar um ógildingu úrskurðarins var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 24. júní 2021. Ekki er ljóst hvenær niðurstaða dómstóla muni liggja fyrir í málinu.

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir niðurstaða dómstóla um gildi áður greinds úrskurðar kærunefndar útboðsmála þá er að svo stöddu ekki unnt að greina áhrif úrskurðarins, þýðingu hans eða fordæmisgildi fyrir heimildir Reykjavíkurborgar til að viðhafa samningskaup án útboðsauglýsingar í sambærilegum tilvikum.

Fyrir hönd borgarlögmanns

Eyþóra K. Geirsdóttir
lögmaður